

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Elsu Láru Arnardóttur  
um sameiningu heilbrigðisstofnana.

1. *Hver er sparnaðurinn af sameiningu eftirtalinna heilbrigðisstofnana, bæði samtals og sundurliðaður eftir stofnunum:*
  - a. *Heilbrigðisstofnun Vesturlands, þ.e. á Akranesi, í Borgarnesi, Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, á Hólmavík og Hvammstanga,*
  - b. *Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, þ.e. á Patreksfirði og Ísafirði,*
  - c. *Heilbrigðisstofnun Norðurlands, þ.e. á Blönduósi og Sauðárkróki?*

Markmiðið með sameiningu heilbrigðisstofnana var ekki að ná fram beinum sparnaði í rekstri heldur að skapa styrkari rekstrar- og stjórnunareiningar og að auka getu þeirra til að taka sjálfstæðar ákvarðanir er lúta að rekstri stofnana í umdæminu. Með sameiningu aukast möguleikar á samstarfi heilbrigðisstarfsmanna innan stærri einingar, kennslu heilbrigðisstétta og á öflugri og stöðugri mönnun. Sameining minnkar álag vegna vaktabindingar og einangrunar og rekstrar- og stjórnareiningar verða sterkari. Færi skapast fyrir öflugri starfsmannabjónustu og aukna möguleika á menntun heilbrigðisstarfsfólks sem síðar gæti orðið lykillinn að nauðsynlegri nýliðun í dreifbýlinu. Með sameiningu aukast möguleikar á samnýtingu starfsfólks, svo sem vegna vakta, veikinda eða tímabundins álags. Þá minnkar einangrun heilbrigðisstarfsmanna á minni heilsugæslustöðvum.

Öflugri stofnanir eru betur í stakk búnar til að taka að sér aukin verkefni, svo sem sálfræðibjónustu, í samræmi við þarfir íbúa.

2. *Hefur rekstrargrundvöllur þessara heilbrigðisstofnana verið styrktur frá sameiningu og hvernig sundurliðast það þá eftir fyrrgreindum stofnunum?*

Í efnahagshruninu lækkuðu fjárframlög til heilbrigðisstofnana og á það einnig við um framangreindar stofnanir. Heilbrigðisstofnanir á Vesturlandi voru sameinaðar á árinu 2010, í miðju efnahagshruni, og í efnahagshruninu voru fjárframlög til heilbrigðisstofnana á Vesturlandi lækkuð líkt og hjá öðrum stofnunum til að ná markmiðum um jafnvægi í ríkisrekstrinum. Engu að síður voru veittar fjárveitingar til heilbrigðisstofnana á Vesturlandi í aðdraganda sameiningar upp í rekstrarhalla og til að mæta kostnaði við sameiningar þeirra.

Í fjárlögum fyrir árið 2014 hækkuðu fjárframlög til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni um samtals 405 millj. kr. Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir hækkanir fjárframlaga til heilbrigðisstofnana á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi í fjárlögum fyrir árin 2015 og 2016, að meðtöldum almennum launa- og verðlagshækkunum:

	Fjárlög 2015 millj. kr.	Fjárlög 2016 millj. kr.
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	3.363	3.800
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	1.631	1.822
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	3.830	4.456